

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um tollvernd landbúnaðarvara.

Frá Haraldi Benediktssyni.

Hvert er mat ráðherra á verðgildi tollverndar í krónum talið á þeim landbúnaðarvörum sem eru framleiddar hérlendis:

- a. ef miðað er við gildandi reglur um álagningu tolla árið 2013,
- b. ef miðað er við gildandi reglur um álagningu tolla árið 1995, uppreiknað til verðlags ársins 2013,
- c. ef miðað er við heimildir íslenskra stjórnvalda til hámarksálagningar samkvæmt tollskrá á vörur sem nutu tollverndar árið 2013, sbr. a-lið?

Svar óskast sundurliðað eftir köflum tollskrár sem hér segir:

- 2. kafli: 0201, 0202, 0203, 0204, 0205, 0206, 0207, 0208, 0209, 0210.
- 4. kafli: 0401, 0402, 0403, 0404, 0405, 0406, 0407, 0408, 0409, 0410.
- 6. kafli: 0601, 0602, 0603, 0604.
- 7. kafli: 0701, 0702, 0703, 0704.

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) metur árlega verðgildi tollverndar landbúnaðarvara og reiknar hvað hún er stór hluti af heildarstuðningi við landbúnað. Verðgildið er þá áætlað í íslenskum krónum miðað við álagningu tolla eins og þeim er háttáð á hverju ári fyrir sig. Álagning tolla er í fæstum tilvikum í samræmi við ýtrustu heimildir samkvæmt tollskrá. Með þessari fyrirspurn er leitað eftir mati stjórnvalda á verðgildi tollverndar á síðasta ári og hvernig verðmætið hefur þróast frá 1995. Enn fremur er óskað eftir áætlun á verðmætinu eins og það væri ef heimildir til álagningar tolla hefðu verið nýttar til fulls á síðasta ári.